

Fundargerð 57. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál
Fundur haldinn í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu 9. desember 2019, kl. 13:00

Dagskrá:

1. **Mælaborð lýðfræðilegrar þróunar á Íslandi**
2. **Brothættar byggðir. Betri Bakkafjörður**
3. **Samskiptaáætlun stýrihópsins**
4. **Framkvæmd byggðáætlunar 2018-2024**
5. **Önnur mál**

Mættir: Hólmfríður Sveinsdóttir formaður (SRN), Anna Borgþórsdóttir Olsen (FJR), Anna Katrín Einarisdóttir (ANR), Árni Freyr Stefánsson (SRN, fór kl. 14:00), Björn Helgi Barkarson (UAR), Baldur Þ. Guðmundsson (MRN), Elín R. Guðnadóttir (ANR), Guðmundur Bjarni Ragnarsson (DMR), Pétur Berg (FOR, fór kl.13:55), Þór Þórarinnsson (FÉL, mætti 13.20), Þórarinn V. Sólmundarson (MRN, mætti 13:15), Karl Björnsson (Sambandinu), Bjarni Guðmundsson (landshlutasamtökunum), Laufey K. Skúladóttir (Byggðastofnun) og Sigríður K. Þórgrímsdóttir (Byggðastofnun), sem ritaði fundargerðina. Hermann Sæmundsson var einnig viðstaddur fyrri hluta fundarins.

Fjarverandi: Bryndís Þorvaldsdóttir (HRN) og Hrund Hafsteinsdóttir (UTN).

Fundargerð 56. fundar hafði verið send fundarmönnum og samþykkt fyrir fundinn.

Umfjöllun og afgreiðsla:

Formaður setti fund og bauð Elínu R. Guðnadóttur frá ANR velkomna, en hún kemur í stýrihópinn í stað Arnars Freys Einarssonar.

1. Mælaborð lýðfræðilegrar þróunar á Íslandi

Þórður Freyr Sigurðsson frá SASS kynnti verkefnið „Mælaborð lýðfræðilegrar þróunar á Íslandi“. Nokkrar umræður urðu í kjölfarið m.a. um samlegð við aðra gagnaöflun eins og island.is og kortasjá Byggðastofnunar. Nokkur svipuð verkefni eru í gangi, í landshlutunum eða yfir landið allt, en ekki samræmi eða samstarf.

2. Brothættar byggðir. Betri Bakkafjörður

Formaður gerði grein fyrir verkefninu Betri Bakkafjörður, en fyrir fundinn var verkefnisáætlun fyrir þetta verkefni send stýrihópnum. Nokkur umræða varð um verkefnið á landsvísu.

3. Samskiptaáætlun stýrihópsins

Á síðasta fundi var rætt um að stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál setti sér samskiptaáætlun, líkt og landshlutasamtök sveitarfélaga gera skv. samningi um sóknaráætlunir landshluta. Formaður kynnti hugmyndir að innihaldi slíkrar áætlunar. Formaður og verkefnisstjóri gera drög að samskiptaáætlun og leggja fyrir fund stýrihópsins á nýju ári. Undir þessum lið var einnig rætt um árlega fundi stýrihóps með landshlutasamtökunum og fyrirkomulag þeirra funda sem þyrfti að endurskoða. Það mætti t.d. heimsækja tvo landshluta á ári og samráðsfundir með þátttöku allra landshluta og stýrihópsins haldnir í Reykjavík, að minnsta kosti einu sinni á ári. Rætt var um að halda mætti kynningarfundir í ráðuneytunum og ýmsum

stofnunum til að kynna starf stýrihópsins og að tengja mætti stýrihópin við ráðstefnur t.d. Byggðastofnunar. Nokkur umræða varð um þennan lið og undirtektir jákvæðar. M.a. kom fram sú skoðun að greinargerð sóknaráætlana þurfi að koma út fyrr á árinu.

4. Framkvæmd byggðaaætlunar 2018-2024

Formaður sendi skýrslu samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um framvindu byggðaaætlunar til stýrihópsins fyrir fundinn. Í henni er m.a. að finna stöðu þeirra verkefna sem er að finna á byggðaaætlun. Skýrslan hefur verið send Alþingi.

5. Önnur mál

Rætt var um tímasetningu næsta fundar, sem skv. fundaráætlun á að vera 6. janúar 2020. Ákveðið var að færa þann fund eða jafnvel sleppa honum, fer eftir því hvenær áhersluverkefni landshlutasamtakanna verða tilbúin til umfjöllunar stýrihópsins. Á febrúarfundi stýrihópsins, þann 3. febrúar, munu fulltrúar Byggðastofnunar kynna vinnu sína við að skilgreina rétt fólks til opinberrar grunnþjónustu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:45